

Byggðamálaráð

Fundargerð 2. fundar byggðamálaráðs Fundur haldinn hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 31. október 2018 kl. 11.00

Dagskrá:

1. Hlutverk og störf byggðamálaráðs
2. Framvinda byggðaáætlunar 2014-2017
3. Byggðaáætlun 2018-2024
4. Ályktanir landshlutasamtaka sveitarfélaga
5. Verkmennun og byggðapróun
6. Önnur mál

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson, Sigtryggur Magnason og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Hlutverk og störf byggðamálaráðs

Umræðum frá fyrsta fundi byggðamálaráðs um hlutverk og störf ráðsins var framhaldið, en ráðið fer með sambærilegt hlutverk og samgönguráð og fjarskiptaráð. Byggðamálaráði er ekki ætlað að taka yfir hlutverk annarra, svo sem stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, heldur að styðja við og efla málaflokkinn enn frekar. Helstu verkefni ráðsins eru tengd byggðaáætlun og var ákveðið að hafa framkvæmd og eftirfylgd hennar sem fasta liði á fundum ráðsins.

Ákveðið var að bréf til sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra þar sem byggðamálaráð og hlutverk þess verður kynnt. Verkefnisstjóri falið að vinna drög að erindisbréfi ráðsins.

2. Framvinda byggðaáætlunar 2014-2017

Fundarmenn höfðu fengið senda skýrslu um framvindu byggðaáætlunar 2014-2017 sem lögð verður fram á Alþingi og var hún rædd. Farið var yfir ýmsar aðgerðir sem komist hafa til framkvæmda og jafnframt rætt að breytingar hafa orðið á verklagi tengdu vinnu að byggðaáætlun, meðal annars með tilkomu laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

3. Byggðaáætlun 2018-2024. Staða og framkvæmd

Verkefnisstjóri greindi frá stöðu nokkurra aðgerða á byggðaáætlun sem komin eru til framkvæmda eða er verið að hrinda í framkvæmd. Meðal annars var greint frá að auglýst hefur verið eftir umsóknum um framlög til þriggja aðgerða, þ.e. *Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða* (aðgerð C.1), *Fjarvinnslustöðvar* (aðgerð B.8) og *Verslun í strjálbýli* (aðgerð A.9). Einnig var rætt um *Þjónustukort* (aðgerð A.2), *Innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu* (aðgerð A.5), *Höfuðborgarstefnu* (aðgerð C.4) og *Vaxtarsvæði* (aðgerð C.16) en allar þessar aðgerðir eru þegar komnar af stað eða að fara af stað. Þá var rætt sérstaklega um *Störf án staðsetningar* (aðgerð B.7).

Byggðamálaráð

4. Ályktanir landshlutasamtaka sveitarfélaga

Fundarmenn höfðu fengið sendar ályktanir frá nýliðnum ársfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga til upplýsinga. Rætt var um að tilgang og farveg slíkra ályktana Dagskrálið að öðru leyti frestað til næsta fundar.

5. Verkmenntun og byggðaþróun

Formanni hafði borist tölvupóstur frá kennara við Verkmenntaskóla Akureyrar sem lýsti vonbrigðum með að í nýrri byggðaáætlun væri ekki fjallað um iðnnám og vakti athygli á evrópsku samstarfsverkefni á sviði verknáms sem VMA er þátttakandi í og kallast InnoVET. Í verkefninu er meðal annars litið til verknámskerfa í þróun svæða. Í umræðum kom fram að þegar unnið var að mótun byggðaáætlunar var á sama tíma unnið að mótun verknámsstefnu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnisstjóra valið að ræða við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins og svara bréfitara.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.30.